

Sálin:

Endilega meiri Sál, takk!

Hljómplötur

Andrés Magnússon

Sálin hans Jóns míns hefur verið ein vinsælasta hljómsveit á Íslandi hin seinni ár og ekki að ófyrirsynju. Sveitin er ein hin „þéttasta“ á markaðnum og hún er jafnvíg á tónleikum og balli. Skyldi heldur engan undra því valinn maður er í hverju rúmi.

Guðmundur Jónsson gítarleikari semur öll lögina nema tvö, sem eru eftir Jens Hansson saxófónleikara, og stjórnar Guðmundur jafnframt upptökum. Fyrir vikið er platan heilsteypt og þar að auki hreint sneisafull af lögum, sem líkleg eru til vinsælda. Þarf reyndar engan poppgagnrýnanda til þess að sjá það fyrir.

Á hinn bóginn finnst þeim, sem

þetta ritar, vanta miklu meiri sál (soul) á plötuna, því það er nú einmitt hún, sem Sálin hefur haft fram yfir aðrar sveitir hér á landi. Þetta kemur glögglega í ljós þegar lag á borð við Færðu mér frið (sem þegar hefur notið mikilla vinsælda) er borið saman við lag eins og Út úr sýn. Færðu mér frið er afar venjulegt íslenskt popplag og svo sem ekkert slæmt við það. Út úr sýn er hins vegar alvöru sálarlag, sem fær fætur á íð frá fyrsta hljómi. Á Íslandi er ekkert Motown til, en svona lög með Sálinni eru það næsta, sem við komumst og þessi gagnrýnandi vill meira svoleiðis.

Í lagi eins og Tár eru tár sýnir Sálin hins vegar að stutt er í rokkið, en það er þá líka gert með þvílíkri



sveiflu — hornabyt og Hammond — að ekki fer á milli mála hverjir eru á ferðinni. En þrátt fyrir að unnt sé að nefna tilþrif á borð við horn þeirra Jens Hanssonar og Atla Örvarssonar til þess að festa hendur á því hvað það er, sem gerir Sálina svo sérstaka, er það þó heildin, sem veldur mestu; sá þéttleiki, sem áður var nefndur. Þetta heyrir vel í bassaleik Friðriks Sturlusonar og trumbuslætti Birgis Baldurssonar. Þeir sýna báðir

að þeir kunna ýmislegt fyrir sér, en án þess að trana sér — smekkleghetnin látin ráða.

Fyrst og síðast býr Sálin að því að fyrir henni fer Stefán Hilmarsson, sem ég held að sé óhætt að kalla besta dægurlagasöngvara á Íslandi. Stefáni tekst að leika sér að röddinni án þess að verða tilgerðarlegur, að vera tilfinningaþrunginn án þess að vera væminn og að beita agaðri söngtækni án þess að glata tilfinningunni, sem öllu rokki er lífsnauðsynleg. Hafi menn efasemdir um þessar staðhæfingar nægir að hlýða á Ekkert breytir því til þess að sannfærast.

Þrátt fyrir óskir gagnrýnanda um meiri sál, verður því ekki neitað að platan er með því besta, sem út kemur um þessi jól, og ekki undan neinu að kvarta. Flutningur er fyrsta flokks, útsetningar flestar með ágætum, textar eru yfirleitt þrýðilega samsettir, lögina frá því að vera góð upp í að vera frábær og meira að segja umslagið er meiriháttar.